

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð), mál 665.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er gríðarlega mikilvægur þáttur í að tryggja mannréttindi og tækifæri fatlaðs fólks á Íslandi til jafns við aðra, enda er þjónustuformið ákaflega vel til þess fallið að stuðla að sjálfstæði, mannhelgi og frelsi fatlaðs fólks. Við innleiðingu NPA í þjónustu og síðar í lög á Íslandi varð mikil breyting á þjónustu við fatlað fólk sem vill fá og hefur fengið þetta þjónustuform. Í stað þess að þjónusta fjölda fólks innan búsetuurræðis hefur aðstoð færst á heimili notandans og hefur starfsmaður það eina hlutverk að aðstoða notandann við athafnir daglegs lífs og við að taka þátt í samfélaginu með þeim hætti sem notandinn kýs.

Nauðsynlegt er að virða réttindi starfsfólks á vinnumarkaði en það þarf einnig að huga að þeirri sérstöðu sem NPA hefur, til að mynda þegar kemur að lengri vöktum og auknum sveigjanleika í starfssambandi notanda og aðstoðarfólks. Þessir hagsmunir notanda og starfsfólks geta farið mjög vel saman þegar vel er búið um hnúta.

Tryggja verður að fatlað fólk geti hagað þjónustu sinni með þeim hætti að hún henti því og tryggi velferð þess. Það þýðir að ekki mun allt starfsfólk vilja vinna slíka vinnu en um það verður fólk að geta valið. Rétt eins og næturvaktir á skemmtistöðum henta sumum og öðrum ekki, og sjómennska sumum og öðrum ekki. Vaktafyrirkomulag NPA er óhefðbundið en hefur fest sig í sessi, notendum og aðstoðarfólki til hagsbóta.

Mjög mikilvægt er að fjallað sé af virðingu fyrir bæði starfsfólki og fötluðu fólki um hvernig hægt er að haga þjónustunni þannig að um hana ríki víðtæk sátt hjá þeim sem í hlut eiga. Landssamtökin Proskahjálpar vilja með umsögn sinni ítreka mikilvægi NPA og lýsa yfir vilja til að taka virkan þátt í samtali um þróun og framtíðartilhögun NPA.

Landssamtökin Proskahjálpar óska eindregið eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir tillögum sínum og áherslum.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar
Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá Proskahjálpar